



Umhverfis- og skipulagssvið - USK  
Höfðatorg - Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík, 11. júlí 2024  
USK23010195

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 11.7.2024 varðandi eftirfarandi mál:

### **USK - Elliðaárvogur/Ártúnshöfði - Svæði 2A - Deiliskipulag - til afgreiðslu**

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 2. júlí 2024, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 28. júní 2024 á tillögu að deiliskipulagi fyrir Elliðaárvog/Ártúnshöfða svæði 2A, ásamt fylgiskjölum.  
Samþykkt.

Björn Axelsson og Ævar Harðarson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er samþykkt skipulag fyrir 582 íbúðir í nýja hverfinu á Ártúnshöfða sem verið er að umbreyta úr grófu iðnaðarsvæði í grænt og þétt íbúðahverfi við lykilstöðvar Borgarlínu. Lögð er áhersla á að hönnun gatnaumhverfisins styðji við gott aðgengi allra fararmáta og miði við nýjustu útfærslur í þeim efnum. Sömuleiðis að endanleg hönnun byggðarinnar sem mætir almenningrýminu við Elliðaá haldi vel utan um það svæði.

Helga Björk Laxdal  
e.u.

Afrit: